

Fyrirspurn E 22/2024
Fyrirspyrjandi: Rebecka Le Moine
Viðtakendur: Ríkisstjórnir Norðurlanda

Skrifleg fyrirspurn um vistmorð

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Norðurlandaráð hefur samþykkt tillögu þess efnis að hvetja ríkisstjórnir Norðurlanda til að fylgjast með umræðum um vistmorð og taka þátt í þeim eftir því sem við á. Af hálfu Vanúatú, Fidjís og Samóa hefur verið lagt til að bætt verði í Rómarsamþykktina ákvæði þar sem vistmorð verði skilgreint sem brot, og verður það málefni því rætt á ársfundi Alþjóðlega sakamáladómstólsins (ICC) í Haag í desember.

Þess vegna er mikilvægt að upplýsingar liggi fyrir um áform og afstöðu norrænu ríkisstjórnanna í þessu efni.

Norðurlöndum, 7. október 2024

Rebecka Le Moine (MP)